



HÍ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Leiðbeiningar vegna fjarfunda og ákvæði vegna trúnaðarskyldu og bann við upptökum, samþykkt í deildarráði 26. ágúst 2020

1. Prófið tæknina áður

Ef þið eruð að sækja fyrirlestur í gegnum Zoom, Teams eða hvað annað þá er mikilvægt að hafa sett hugbúnaðinn upp áður en fyrirlesturinn hefst og kynnt sér hvernig hann virkar. Það er ekki hlutverk kennara eða annarra nemenda að veita tækniástoð. Þá er ekki ásættanlegt fyrir aðra nemendur að bíða á meðan þið finnið út úr tæknivandamálum.

2. Verið stundvís – berið virðingu fyrir tíma annarra

Mætið 5 mínútum fyrir settan kennslutíma. Ef þátttakendur eru seinir þurfa kennarar að gera hlé á fyrirlestrum til að hleypa nemendum inn. Það er heldur ekki ásættanlegt gagnvart nemendum sem mæta á réttum tíma að seinka fyrirlestrum á meðan þau sem eru sein mæta.

3. Fylgist með

Það getur verið freistandi að vafra og hanga á samfélagsmiðlum eða gera aðra hluti þegar maður situr við tölvuna. Ef þið gerið það fáði þið minna út úr kennslunni. Einbeitið ykkur að fyrirlestrunum og leggið af mörkum til tímanns.

4. Lesið lesefni, gerið verkefni, fylgið áætlun

Rafrænt nám krefst aukins aga og ábyrgðar nemenda. Þið fáði hins vegar meira úr náminu ef þið lesið námsefnið og gerið verkefnið samkvæmt kennsluáætlun. Ef þið gerið það ekki er hætt við því að í lok annar standið þið frammi fyrir meiri vinnu en þið komist yfir með góðu móti. Það er góð regla að mæta lesin í tíma.

5. Takið þátt í umræðum, spyrjið spurninga

Í rafrænni kennslu getur verið auðvelt að halda sig til hlés. Ekki hika við að spyrja kennara og taka þátt í umræðum sem skapast í „kennslustofunni“.

6. Kynnið ykkur og verið í mynd þegar þið talið

Fjarfundir eru að mörgu leyti ópersónulegir. Það dregur ögn úr ópersónuleikanum ef fólk er í mynd og kynnir sig þegar það tekur til máls. Raunar er það ágætis regla að kynna sig líka þegar maður tekur til máls í kennslustofum í raunheimum.

7. Sýnið hvoru öðru virðingu

Í umræðum mun fólk stundum halda fram sjónarmiðum sem þið eruð ósammála. Það að einhver sé á annarri skoðun en maður sjálfur réttlætir ekki ókurteisi, hvorki í kennslustofu né í fjarkennslu. Ekki ranghvolfa augunum, dæsa, fórna höndum eða sýna annað látbragð til að tjá vandlætingu. Það er sjálfsagt að bregðast við með því að leggja orð í belg, en hugið þá vandlega að orðavali og raddbeitingu þannig að framlag ykkar sé málefnalegt og uppbyggilegt.

8. Í beinni

Internetið getur gefið manni þá tilfinningu að maður sé í einrúmi þegar maður er það í raun ekki. Þegar þið eruð á fjarfundum eruð þið raun og veru í útsendingu þar sem annað fólk getur séð ykkur. T.d. gott að vera til fara eins og þið séuð í almannarými.

9. Staðsetjið ykkur vel

Reynið eins og kostur er að staðsetja ykkur með tölvuna á stað þar sem þið fáid að vera í friði og ekki er mikið að gerast í bakgrunninum. Hugið líka að friðhelgi annars heimilisfólks þegar þið eruð á fjarfundum þannig að því bregði ekki fyrir í bakgrunninum í aðstæðum sem það vill síður að annað fólk sjái það í.

10. Stillið á þögn (*mute*) þegar þið eruð ekki að tala

Bakgrunnshávaði getur valdið truflunum á fjarfundum. Til að draga úr því er ráðlegt að vera með fundarforritið stillt á „mute“ þegar þið eruð ekki sjálf að tala.

11. Trúnaður

Minnt er á reglur deildar um upptökur:

„Nemendum er með öllu óheimilt að nota upptökutæki í kennslutímum í Félagsráðgjafardeild. Nemandi má hins vegar nota slík tæki hafi námsráðgjöf sérstaklega mælst til þess við kennara vegna persónulegra aðstæðna hans. Sótt er um leyfi fyrir notkun upptökutækja til deildarskrifstofu.“

11.1 Bannað að taka upp efni af fjarfundum

Kennarar, gestir og nemendur þurfa að geta tjáð sig frjálst í tímum án þess að eiga á hættu að upptökur af því sem fer fram, að hluta eða í heild, fari í dreifingu utan námskeiðsins sem um ræðir. Í samræmi við ofangreinda reglu um að upptökur nemenda í kennslu eða hópastarfi nemenda eru með öllu óheimilar nema um samning við námsráðgjöf sé að ræða.

11.2. Nota heyrnartól

Það sem fer fram á fjarfundum á ekki erindi við fólk utan fundarins. Heyrnatól draga líka úr endurómun sem veldur hljóðtruflunum á fjarfundum.

11.3. Virðið friðhelgi einkalífs annarra

Á fjarfundum munuð þið óhjákvæmilega sjá inn á heimili fólks og fá innsýn inn í einkalíf þess. Ekki deila sögum, myndum eða upptökum af því sem fyrir ber.

12. Viðauki um trúnaðar- og þagnarskyldu nemenda við Félagsráðgjafardeild.

Allir nemendur við Félagsráðgjafardeild undirrita neðangreinda yfirlýsingu um trúnaðar- og þagnarskyldu.

Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskyldu.

Um leið og ég hef nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands heiti ég því að virða þá trúnaðar- og þagnarskyldu sem kveðið er á um í 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir:

"Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagnarskyldu um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi."

Starfsfólk og nemendur Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands gæta trúnaðar við skjólstæðinga sína og gagnvart samstarfsfólki og samnemendum. Það gætir þess að persónuupplýsingar séu einungis notaðar í málefnalegum tilgangi og að aðgengi að slíkum upplýsingum takmarkist af því. Það gætir

fillstu varúðar hvar og hvenær sem málefni skjólstæðinga, nemenda og starfsmanna eru til umræðu.

Ég, undirritaður/uð, hef jafnframt kynnt mér siðareglur Háskóla Íslands, samþykktar á háskólaþingi 31. október 2019 <https://www.hi.is/haskolinn/sidareglur>

Ég er meðvitaður/uð um að í starfi mínu sem nemandi eða aðstoðarmaður kennara við Háskóla Íslands get ég haft aðgang að gögnum sem varða skjólstæðinga, nemendur, kennara og aðra sem ég er bundin/nn trúnaði um. Ég geri mér grein fyrir því að mér er ekki heimilt að kynna mér persónuleg gögn eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem falla utan verksviðs míns.

Ég hef kynnt mér öll ofangreind atriði og heiti því að hlíta þeim í einu og öllu. Ég heiti fullum trúnaði um allar upplýsingar sem mér ber að gæta trúnaðar um. Þessi þagnarskylda helst þótt námi sé lokið.